

217. fundur Umferðarráðs

217. fundur Umferðarráðs var haldinn í samgönguráðuneytinu, Hafnarhúsinu, miðvikudaginn 19. september 2007 og hófst klukkan 13:40.

Mættir voru: Kjartan Magnússon, formaður, Birna Hreiðarsdóttir, varaformaður, Guðmundur Bogason fyrir Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra, Dagrún Jónsdóttir, Sniglunum, Guðmundur Karl Einarsson, Brautin, Benedikt Eyjólfsson, Bílgreinasambandið Pétur Árni Jónsson, dómsmálaráðuneyti, Runólfur Ólafsson, FÍB, Ólafur Kr. Guðmundsson, Landssamband íslenskra akstursfélaga, Knútur Halldórsson, Landssambandi vörubifreiðastjóra, Morten Lange, Landssamtökum hjólreiðamanna, Egill Bjarnason, lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Sigurður Arnar Sigurðsson, menntamálaráðuneyti, Guðmundur Haraldsson, Reykjavíkurborg, Hjálmar Björgvinsson, ríkislögreglustjóra, Þorvaldur Guðmundsson, Sambandi ísl. Sveitarfélaga, Jón Ólafsson, f.h. tryggingafélaganna, Kristján Ólafsson, Slysavarnafélaginu Landsbjörgu, Birgir Hákonarson, Umferðarstofu, Guðbrandur Bogason, Ökukennarafélagi Íslands og Guðríður Ólafsdóttir, Öryrkjabandalagi Íslands. Sigurður Helgason ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn að hluta eða öllu leyti: Kristján L. Möller samgönguráðherra, Jóhannes Tómasson, upplýsingafulltrúi samgönguráðuneytis og Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu.

Eftirfarandi mál voru til umræðu á fundinum:

1. Kynning á áherslum aðila að Umferðarráði í umferðaröryggismálum.

Fulltrúar kynntu sín helstu baráttumál fyrir ráðinu og ráðherra. Kristján L. Möller sagði í upphafi fundar að fullur vilji væri til að hafa umferðaröryggismálin í sem allra bestu lagi. Hann sagði að vandamálin væru margvísleg. Í raun væru alltof margir bílar á landinu og það endurspegladist í því hversu erfitt væri að fá bílastæði, meðal annars í nágrenni ráðuneytisins. Hann sagðist vilja eiga sem mest og best samstarf við Umferðarráð og sagðist hann telja að yfirfærsla þessa málaflokks til samgönguráðuneytisins hafi verið gæfuspor. Hann greindi frá því að forstjóri eins tryggingafélaganna hefði lýst vilja sínum til að koma upplýsingum á framfæri um slys, hvar þau eiga sér stað og þannig væri hægt að auka þekkingu manna á eðli þeirra og orsökum enn frekar. Hann ræddi um endurskoðun umferðarlaga og sagði að nú hefði loks fengist maður til að stýra endurskoðunarnefndinni og væri það Róbert Ragnar Spanó, lagaprófessor. Hann sagði að hann myndi hefja störf um áramót, en undirbúningsvinna hæfist strax í ráðuneytinu. Þar á eftir reifuðu Umferðarráðsfulltrúar skoðanir sinna tilnefningaraðila í málaflokknum.

Fundinum var slitið klukkan 15:05